

Reykjavík 15.03.2011

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 139/1765

komudagur 21.3.2011

Umsögn um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun

Þskj. 376 — 310. mál.

Staðgöngumæðrun er eitt af elstu úrræðum við barnleysi, enda bæði þekkt frá Biblíunni sem og hérlendis þar sem barn bóndans með vinnukonunni var alið upp sem eitt af börnum fjölskyldunnar. Það sem er nýtt í dag er að samfélagið og heilbrigðiskerfið tekur þátt í ferlinu með því að nýta tæknifrjóvgun með tilheyrandi kostnaði.

Þörfin fyrir umræðu um staðgöngumæðrun er mikil. Vinnuhópur Heilbrigðisráðuneytisins hóf góða og gagnlega vinnu sem byggja skal á í framhaldinu við smíði nauðsynlegs regluverks. Því miður tel ég að þingsályktunartillagan sem var lögð fram síðasta haust skapi fleiri vandamál en hún leysir. Engin ein fullkomin lausn er til og það er ekki hægt að koma í veg fyrir að í einhverju tilfelli kom upp vandamál. Það sem er hægt að gera er að reyna að skapa öruggar aðstæður fyrir verðandi barn og hina fullorðnu aðila, byggt á faglegu mati og reynslu annarra þjóða.

Það hefur verið mikið rætt um siðferðileg álitamál sem fylgja staðgöngumæðrun og er það einungis af hinu góða, enda aldrei of varlega farið þegar skapaður er lítill einstaklingur með þessum hætti. Ég ætla mér ekki að fara nánar í þau atriði, enda tel ég að þeim hefur verið gerð góð skil af öðrum. Innleggið í umræðuna frá mér er frekar praktískar lausnir á vandamálinu byggðu á margra ára reynslu og kunnáttu af þessum málaflokki hérlendis sem á Norðurlöndunum.

Samantekt á skipulagi og reynslu þeirra þjóða sem þegar bjóða eða hafa boðið upp á þessa þjónustu er kynnt í skýrslu vinnuhópsins (5. febrúar 2010). Það er mikilvægt að taka fram að í flestum tilfellum er um að ræða staðgöngumæðrun þar sem utanaðkomandi kona tekur að sér þetta hlutverk fyrir ókunnugt þar. Einnig er í sumum tilfellum um að ræða fulla/hefðbundna staðgöngumæðrun þar sem egg staðgöngumóðurinnar er einnig notað, og það er í þeim tilfellum þar sem alvarlegustu vandamálin koma fram. Í Ísrael, þar sem staðgöngumæðrun hefur verið leyfð frá 1996, er sett sem skilyrði að staðgöngumóðirin sé einstæð eða fráskilin kona og ótengd þarinnu. Í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna, í Úkraínu og í Asíu, þar sem engin lög eru um staðgöngumæðrun, hefur staðgöngumæðrun verið gerð í hagnaðarskyni. Þar er gerður samningur á milli þarsins og staðgöngumóðurinnar (eða umboðstofunnar) um kostnað og afhendingu barnsins. En í flestum öðrum löndum þar sem staðgöngumæðrun er lögleg er hún einungis leyfileg í velgjörðarskyni og blátt bann lagt við öðru.

Hvað varðar Norðurlöndin, þá er það bara á Íslandi þar sem tekið er skýrt fram að staðgöngumæðrun er bönnuð. Óheimilt er að nýta tæknifrjövgun til skapa barn til ættleiðingar í Finnlandi og Danmörku. Egggjöf er ekki leyfileg í Noregi og þar með ekki heldur staðgöngumæðrun. Í Svíþjóð er ekki tekið sérstaklega á staðgöngumæðrun í lögunum. Hvergi er tekið á hinn hefðbundnu staðgöngumæðrun þar sem tæknin er ekki notuð heldur frjövgunin er framkvæmd innan veggja heimilisins, með eggi staðgöngumóðurinnar sem er frjövgað með sæði mannsins. Það sem hefur hindrað staðgöngumæðrun í þessum löndum eru skýr barnalög þar sem móðir barns er ætíð sú sem fæðir fram barnið, óháð því hvort um gjafaegg eða -sæði er að ræða. Önnur hindrun er að ættleiðing er ekki einkamál foreldra (hér staðgöngumóðurinnar), heldur fer ættleiðing einungis fram eftir ítarlega skoðun félagsmálayfirvalda og getur ákvörðun þeirra stangast á við óskir staðgöngumóðurinnar og parsins.

Finnland er eina norræna landið sem hefur reynslu af staðgöngumæðrun fram til ársins 2007, þegar löggjöf um tæknifrjövganir var samþykkt. Ástæðan fyrir að staðgöngumæðrun með aðstoð tæknifrjövgunar var ekki leyfð í finnsku löggjöfinni er ekki slæm reynsla af staðgöngumæðrun, heldur pólitísk. Frumvarpið innihélt upphaflega jafnframt réttindi einstæðra og lesbískra kvenna til tæknifrjövguna ásamt staðgöngumæðrun, en það tókst ekki að ná því í gegn í þeirri mynd. Því var hagsmunum færri förnað fyrir hagsmunum fleiri og staðgöngumæðrun tekin út og lögin samþykkt 2006 og tóku gildi 2007.

Í Finnlandi hafði þá frá 1991 verið mögulegt að fá aðstoð með staðgöngumæðrun, en úrræðið frekar lítið notað eða einungis um 17 mál á 10 ára tímabili (1991-2001). Reynsla Finna gæti verið okkur gagnleg ef leyfa á staðgöngumæðrun, en samfélag Finna og Íslendinga er ekki ósvipað. Viðtækt andlegt, félagslegt og líkamlegt mat var gert af fagfólki á bæði parinu og staðgöngumóður ásamt maka hennar áður en ákvörðun var tekin um að leyfa meðferð. Áður en meðferðin hófst þurfti parið og staðgöngumóðirin að byrja formlegt ættleiðingarferli og samþykki ættleiðingaryfirvalda (Adoptionsnämnden) varð að liggja fyrir. Ættleiðingin gekk síðan í gildi þegar barnið var tveggja mánaða. Enginn bindandi samingur var gerður, enda ekki álitnið samræmast mannréttinasáttmálum (3. gr. Sameinuðu þjóðanna og 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu) um yfirráðarétt manneskjunnar yfir eigin líkama. Allir aðilar fengu viðtækan stuðning og ráðgjöf fagaðila varðandi andlega, félagslega og líkamlega heilsu gegnum alla meðgönguna og eftir fæðinguna.

Af þessum 17 málum var staðgöngumóðirin alla jafna innan stórfjölskyldunnar (systir, móðir eða mágkona) eða náin vinkona, en í tveimur tilfellum var það ókunnug kona. Andleg vandamál (fæðingarþunglyndi) komu upp í tveimur tilfellum hjá staðgöngumæðrunum og í verra tilfallinu þurfti konan læknisfræðilega aðstoð og lyf í nokkurn tíma eftir.

Barnið – Ábyrgð foreldra tryggð

Lögin verða fyrst og fremst að tryggja hag barnsins. Foreldrar bera ábyrgð á börnunum sínum og börnin þurfa á foreldrum sínum að halda til að geta þroskast og dafnað. Því skiptir miklu máli að það sé ljóst hver ber ábyrgðina. Samkvæmt Barnalögum er móðir barns skilgreind sú kona sem fæðir barnið, og faðir barnsins er eiginmaður hennar eða sambýlismaður nema

Þegar um einstæða móðir er að ræða og faðernisviðurkenning hefur verið framkvæmd. Samkvæmt barnalögum er þannig skýrt hverjir eru foreldrar barnsins og bera á því ábyrgð.

Að breyta skráðum foreldrum strax við fæðingu getur skapað fordæmi sem veldur því að þeir sem gefa egg eða sæði öðlist sams konar rétt og geti þannig farið fram á að fá barnið. Til að tryggja rétt barnsins til foreldra er rétt að það sé skýrt að kona sem fæðir barnið sé móðir barnsins og maki hennar faðir þess, en síðan ættleiði parið barnið eftir þessa lögbundnu 3 mánuði (Lög um ættleiðingar 1999 nr.130 gr.8). Að skrá þrjá til fjóra foreldra á fæðingarvottorð barnsins getur einungis skapað misskilning og óljósa ábyrgð á barninu. Réttur barnsins til foreldra á að vera leiðarljósið í frumvarpinu.

Staðgöngumóðirin – og fjölskylda hennar

Áhætta staðgöngumóðurinnar er töluverð. Hún er ekki einungis líkamleg fyrir sjálfa konuna, heldur fylgir staðgöngumæðrun félagslegt og andlegt álag fyrir fjölskylduna. Því þarf að upplýsa staðgöngumóðurina og fjölskyldu hennar um þá áhættur sem hún og fjölskylda hennar tekur, og setja sem skilyrði að hún/þau veiti upplýst samþykki sitt fyrir staðgöngumæðruninni. Félagsleg réttindi staðgöngumóðurinnar á meðgöngunni eru nú þegar til staðar sem almenn réttindi þungaðra kvenna, s.s. réttur til atvinnuöryggis, en að auki er við frumættleiðingu tryggður 2 mánaðar réttur til fæðingarorlofs fyrir foreldrana sem gefa barn til ættleiðingar við fæðingu (sjá lög um fæðingar og foreldraorlof nr.95/2000 gr. 32). Staðgöngumóðirin á að hafa félagsleg réttindi eins og aðrar þungaðar konur, og það ætti ekki að skerða þann rétt á nokkurn hátt með sérlöggjöf þar sem ábyrgð samfélagsins er velt á parið sem óskar eftir þjónustunni.

Mikilvægt er að muna að maki staðgöngumóðurinnar verður einnig faðir barnsins og því þarf samþykki hans fyrir ættleiðingunni, auk þess sem þarf að ræða við börn þeirra og útskýra sérstöðu málsins í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Það verður að vera ljóst að staðgöngumóðirin ein hefur yfirráðarétt yfir líkama sínum og það má aldrei hætta líkamlegri eða andlegri heilsu hennar fyrir heilsu fóstursins.

Parið

Sorgin sem hlýst af því að geta ekki eignast barn er ólýsanleg. Að eignast barn telst hins vegar ekki til formlegra mannréttinda eins og þau eru skilgreind í dag.

Flest samfélög byggjast á fjölskyldum og oft er talað um að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins. Að standa utan hins almenna norms samfélagsins veldur einangrun og vanlíðan. Því er ekki einungis um að ræða líffræðilega þörf til að eignast barn heldur líka félagslega þörf. Rætt hefur verið um að Ísland rýmki fyrir ættleiðingum frá öðrum löndum, en það lýsir ákveðnum misskilningi. Lönd sem gefa börn til ættleiðingar setja fram ákveðnar kröfur sem Ísland þarf að uppfylla, því getur Ísland ekki einhliða rýmkað kröfur um t.d. aldur parsins, heilbrigði eða annað. Sem dæmi má nefna að Kína herti kröfurnar fyrir nokkrum árum sem hefur valdið samdrætti í ættleiðingum frá Kína í flestum löndum. Eina leiðin til að auka erlendar ættleiðingar er að íslensk yfirvöld (ættleiðingarsamtök) semji við fleiri lönd, en þessir

samningar eru flóknir og erfiðir og byggja auk þess á því að þessi lönd vilji semja við Ísland, sem er ekki sjálfgefið.

Því miður er ekki hægt að hjálpa öllum til að eignast barn gegnum tæknifrjóvgun eða ættleiðingu. Í einstökum tilfellum gæti því staðgöngumæðrun hjálpað en mikilvægt er að undirbúa aðstæður þannig að skilningur sé á að gæta þarf að barninu í fyrsta lagi, síðan staðgöngumóðurinni, og að síðustu að parið sé undirbúið til að taka við barninu hvernig sem það er og veita því ást og umhyggju. Það eitt að kynfrumur parsins séu notaðar gefur þeim ekki rétt til líkama staðgöngumóðurinnar eða til barnsins, því þá væri undirstaðan fyrir notkun gjafaeggja og gjafasæðis brostin.

Tillaga

Íslensk samfélagsgerð er byggð á samstöðu innan stórfjölskyldunnar, og það er t.d. algengara héraendis að systir gefi eggfrumu en tíðkast í öðrum samfélögum þar sem er frekar latt til þess en hvatt (s.s. Svíþjóð). Þessi þétta samstaða innan fjölskyldunnar sýnir sig í ábyrgð á umönnun barna. Ömmur og afar, frænkur og frændur eru mikilvægir aðilar í lífi barna héraendis og taka oft þátt í uppeldi og umönnun barnanna. Grunnurinn er því til staðar fyrir að fjölskyldan geti einnig hjálpast að í tilfelli staðgöngumæðrunar, en það rýrir ekki mikilvægi þess að faglega sé staðið að skoðun og nauðsyn upplýsts samþykkis allra aðila þannig að komið sé í veg fyrir óeðlilegan þrýsting á viðkomandi aðila innan fjölskyldunnar. Dómstólaaleiðin er slæm til að leysa samskipta- og fjölskylduvandamál, og í raun ætti ekki að gera ráð fyrir henni frá byrjun því að það gæti latt fólk til að reyna til þrautar að ná góðri sátt, sérstaklega með tillit til stöðu barnsins.

Við að einskorða staðgöngumæðrun við þekkta aðila, og þá sérstaklega innan fjölskyldunnar, má koma í veg fyrir vandamál sem tengjast ábyrgðina á barninu. Litlar líkur eru á að barninu sé hafnað af allri fjölskyldunni eða að staðgöngumóðir neiti að afhenta systur/frænku/dóttur sinni barnið. Því tel ég, og reynslan hefur sýnt, að staðgöngumæðrun reynist best innan fjölskyldu þar sem barnið verður hluti af stórfjölskyldunni hvernig sem málin fara og að barninu er tryggð fjölskylda sem ber ábyrgð á því.

Ég tel að löggin eigi að vera ströng til að byrja með og að þau verði endurskoðuð eftir 5 ár. Einnig má velta fyrir sér að gefa undanþágur frá ríkjandi lögum til reynslu, en þá verður eftirlit og eftirfylgni að vera gott til að sjá hvernig reynist. Ef staðgöngumæðrun verður að veruleika þá er nauðsynlegt að reynslan verði metin nákvæmlega með rannsóknum og eftirliti.

Skilyrðin yrðu þá til að byrja með að einungis væri um að ræða konu þar sem ljóst er að konan getur ekki gengið með barn vegna sjúkdóma (t.d. krabbamein) eða erfðagalla. Einungis kynfrumur parsins verði notaðar og að staðgöngumóðirin sé innan fjölskyldunnar í fyrsta lið (t.d. systir), í öðrum lið (t.d. systkinabörn) eða mjög nán vinkona. Skilyrði fyrir meðferðinni sé að sérstök nefnd skipuð lækni, félagsráðgjafa, geðlækni/sálfræðingi og lögfræðingi skoði ítarlega aðstæður bæði parsins sem óskar eftir barninu og staðgöngumóður og fjölskyldu hennar og veiti samþykki. Einnig að parið hafi byrjað ættleiðingarferli þar sem það hefur

fengið forsamþykki frá ættleiðingaryfirvöldum (sýslumanni) um að það megi ættleiða barn. Regluleg viðtöl allra málsaðila við sérhæfða fagaðila (sérfræðinga í fjölskylduráðgjöf) verður að vera til staðar í gegnum allt ferlið, meðgöngu, fæðingu og síðan ættleiðingu, til að koma í veg fyrir og leysa möguleg vandamál sem allra fyrst.

Að leyfa staðgöngumæðrun í litlu samfélagi krefst vandaðra vinnubragða, ábyrgrar stefnumótunar og ekki síst tíma. Því mæli ég með að byggt sé áfram á starfi vinnuhópsins og að endurskoðuð þingsályktunartillaga verði sett fram með rýmri tímamörkum til að hægt sé að leyfa staðgöngumæðrun hérlandis.

Helga Sól Ólafsdóttir

Félagráðgjafi MscSW, Art Medica. Starfaði frá 2004-2007 á Fertilitetscentrum, Gautaborg

Doktorsnemi í lýðheilsuvísindum við Norræna lýðheilsuháskólann

Doktorsverkefni: Ófrjósemi á Norðurlöndum.

Netfang: helga.olafsdottir@nhv.se

Sími: 868-0087